

Mál nr. 259/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A

Vanskil á iðgjaldi, réttarstaða í tengslum við umferðaróhapp 02.03. 2007.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 20.11. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 04.12. 2008.
- 3) Bréf nefndarinnar til vátryggingafélagsins, dags. 16.12. 2008, þar sem viðbótarupplýsinga var óskað.
- 4) Svarbréf vátryggingafélagsins, dags. 23.12. 2008.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Gögnin upplýsa um samskipti aðila í tengslum við ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A.

M hafnar því að eiginmaður hennar hafi fengið tilkynningar félagsins um niðurfellingu vátryggingarinnar. Því er m.a. borið við að tilkynningar hafi verið sendar á lögheimili aðila en dvalarstaður hans hafi verið í Svíþjóð. M kannast ekki við að hafa fengið tilkynningar félagsins sbr. nánar fyrirliggjandi gögn.

Vátryggingafélagið telur að vátryggingin hafi verið fallin niður sökum vanskila. Það telur sig hafa sent tilkynningar sem krafist er þ.á m. greiðsluáskoranir skv. reglugerð um lögmæltar ökutækjatrýggingar nr. 392/2003 sbr. og 13. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Félagið vísar og til þess að viðkomandi aðili hafi ekki tilkynnt félaginu um að hann hefði aðsetur annars staðar en á lögheimili sínu. Á því beri hann ábyrgð. Dómafordæmi séu fyrir slíku sbr. Hrd. 1972 bls. 1020 og Hrd. 1986 bls. 1121. Félagið telur tilkynningarskyldu sína réttilega uppfyllta. Það telur að vátrygging bifreiðarinnar hafi ekki verið í gildi þegar umferðaróhapp varð.

Nefndin óskaði viðbótarupplýsinga frá vátryggingafélaginu þar sem óskað var fyllri skýringa á greiðsluyfirliti vegna tímabilsins 13.12. 2005 – 12.03. 2007 og vegna umfjöllunar lögmanns M varðandi heildariðgjöld. Óþarft er að geta skýringa félagsins sem fram koma í bréfi þess, dags. 23.12. 2008.

Álit.

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum var umrædd vátrygging fallin niður sökum vanskila á iðgjaldi. Ekki verður annað ráðið en að vátryggingafélagið hafi gætt tilkynningarskyldu sinnar samkvæmt reglugerð um lögmæltar ökutækjatrýggingar nr. 392/2003 sbr. og ákvæði vátryggingarsamningalaga nr. 30/2004.

Niðurstaða.

Vátryggingin sú sem hér er til umræðu var ekki í gildi á tjónsdegi.

Reykjavík 13. janúar 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.